



**Kona með hatt**  
— olía á striga 1938

Ég skil ekki hvað það er að „leita“ í málverki. Það sem skiptir máli er að finna. Enginn hefur áhuga á að fylgjast með manni sem gengur um og einblínir á jörðina, leitandi að seðlaveski sem gæfunni þóknast að leggja í veg hans. Sá sem rekst á eitthvað athyglisvert, hvað sem það kann að vera, jafnvel þótt hann beri sig ekki eftir því, hann vekur að minnsta kosti forvitni okkar, ef ekki aðdáun.

Við vitum það öll, að listin hefur ekkert með sannleikann að gera. Listin er lygi sem opnar augu okkar fyrir sannleikanum, að minnsta kosti þeim sannleika sem okkur er gefið að skilja. Listamaðurinn verður að kunna að sannfæra okkur um sannleikann í því sem hann lýgur að okkur. Ef hann megna aðeins að sýna leit sína að einhverri þeirri þeirri aðferð sem dugur til að miðla lygum, kemur hann engu til leiðar.

Menn tala um „eðlilega“ list og nútímalist sem tvö andstæð fyrirbæri. En hver hefur nokkurn tímann séð „eðlilegt“ listaverk? Veröldin í kringum okkur á ekkert skylt við listina, þetta eru tvö ólík fyrirbæri. Við beitum listinni til að miðla hugmyndum okkar um það sem ekki er til í veröldinni.

Kúbisminn er eins og hver önnur hreyfing innan listarinnar. Sömu reglur, sömu þættir ganga í gegnum allar listhreyfingar. Sú staðreynd, að margir skilja ekki kúbisma, hefur enga þýðingu. Ég skil ekki ensku, því hef ég ekkert gagn af enskri bók. Það þýðir ekki að enska sé ekki til. Hvers vegna ætti ég að skella skuldinni á einhvern annan en sjálfan mig út af því að ég skil ekki það sem ég veit ekkert um?

gætir í verkum hans allt fram undir síðari heimsstyrjöld. En Picasso gekkst aldrei á hönd neinni stefnu að fullu og öllu, heldur tók hann til handagagns það sem hann taldi sig hafa not fyrir úr þeim, en lét afganginn eiga sig. Súrrealisminn hitti Picasso fyrir á erfiðu tímabili, bæði fyrir hann sjálfan og heima-land hans, Spán. Hjónaband hans var að leysast upp og fasisminn var farinn að biðla til Spánverja. Súrrealisminn gerði Picasso kleift að láta í ljós dýpstu hvatir sínar og tilfinningar, og verk hans árin 1924–1935 eru uppfull með angst, reiði og ástríðum.

Nokkrar myndir frá þessu súrrealísku skeiði er að finna á sýningunni, og þá helst konuhöfuð þar sem munur breytist í tennt sköp. Þar er einnig að finna tilbrigði um nautsátsstefið, sem sótti æ meira á Picasso er frá leið. Í því málverki, sem er næstum einlita, gengur naut í skrokk á hesti, en eins og málarinn túlkar atvikið er eins og bæði naut og hestur heyi dauðaástríð í sameiningu.

Alla ævi málaði Picasso uppstillingar, enda byggðist myndræn rannsóknarstarfsemi hans iðulega á grandskoðun á einhverju kyrru, óhreyfanlegu móttífi. Nokkrar uppstillingar frá tímabilinu 1940–1960 prýða þessa sýningu. Athyglisverðastar þeirra eru sennilega myndir frá stríðsárunum, þegar Picasso dvaldist í París, en þá ber svo við að hauskúpur koma í stað ávaxta og annarra venjulegra viðfangsefna, enda gáfu atburðir samtímans tilefni til slíkra áminninga.

Á Picasso sýningu Listahátíðar fer mest fyrir verkum sem listamaðurinn gerði upp úr síðara stríði og fram undir 1970, en sem kunnugt er lést hann árið 1972.

Flest þessi verk eru „hausar“, annars vegar konuhöfuð, hins vegar karlmannshöfuð, sem snúast upp í nokkurs konar sjálfmyndir, eða tákmyndir málarans, með og án fyrirsætu.

Myndlist Picassos mótaðist ævinlega af þeim konum sem hann var í tygjum við á hverjum tíma. Sjaldnast málaði hann venjulegar portrettmyndir af þeim, heldur lagði hann út af andlits og líkamsbyggingu þeirra með sínum hætti, en reyndi þó að varðveita sérkenni hvers andlits einhvers staðar í myndunum. Þessar myndir voru eins konar tilbrigði um stef, könnun á því hve mörg slík tilbrigði mætti þróa út úr einu og sama andlitinu. Eftir 1954 varð þó ein andlits„týpa“ öðrum algengari í verkum Picassos, þ.e. hinn klassíska vangasvipur Jacqueline Roque, sem varð þriðja eiginkona listamannsins árið 1961.

Eini skúlptúr sýningarinnar er einmitt portrett af Jacqueline. Skúlptúr Picassos er alveg sérstakur kaffi í myndlist hans og lengri en svo að honum verði gerð skil hér, en allt frá 1901 gerði Picasso



**Marie Laure de Noailles**  
— kol á striga 1923

Ég hef notað margs konar aðferðir og leiðir í list minni. En þær eru ekki hluti af einhvers konar þróun eða vegvisar í áttina að einhverju óþekktu markmiði. Allt sem ég hef gert, gerði ég í nútíð og fyrir nútíð, í þeirri von að það verði ævinlega í nútíð. Ég hef ekki lagt mig eftir rannsóknum. Þegar ég hef þurft að tjá mig, hef ég gert það án þess að hugsa um fortíð eða framtíð.

þrívíð verk í alls konar efni.

Eftir því sem Picasso eldist, var eins og hann færðist allur í aukana í listsköpun sinni. Hann var t.d. sjaldan á ævinni eins mikilvirkur og á árunum eftir 1960. Þá var hann einnig farinn að horfast í augu við ellina, kulnaðar ástríður og forgengileikann. En í stað þess að láta deigan síga, gefa sig bölmóð á vald, fór Picasso að mála opin, litrík verk, sem kalla mætti nútíma-barokk málverk, þar sem hann hyllir meðal annars gamla klassíska málara, sem buðu ellinni byrginn t.d. Titian, Rembrandt og Renoir.

Árið 1970 sýndi hann 165 málverk í þeim dúr í höllinni í Avignon í Frakklandi, og höfðu þau öll verið máluð á 11 mánuðum. Flest þessi verk fjalla um listamann allra tíma og listsköpunina, en í meðförum Picassos tekur þessi listamaður á sig gervi trúðsins, elskhugans, uppreisnarmannsins og hrekkjalómsins, þó svo að Elli kerling reyni að halda aftur af honum. Þar er Picasso sjálfur lifandi kominn. Stolt og prýði þessarar sýningar eru einmitt þessar Avignon-myndir, sem sýna ótrúlega lífsorku og sköpunargleði Picassos. Höfundur er listfræðingur.



**Personnage**  
— olía á striga 1972

**GÓÐI**  
-gæðanna vegna!

Þær eru meiriháttar góðar nýju Godapylsurnar á grillið eð'í pottinn og svo líka í veislurnar og bragðið það hrífur já minna má nú sjá.

**NÆST SKALTU PRÓFA  
GODAPYLSURNAR  
ÞVÍ AÐ NÝJA BRAGÐIÐ SVÍKUR ENGAN!**